

## 0. Lýsigögn Kortaveltu

### 0.1 Heiti

Kortavelta

### 0.2 Efnisflokkur

Innlend greiðslumiðlun

Erlend kortavelta eftir útgjaldaliðum

Erlend kortavelta eftir þjóðernum

### 0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Rannsóknasetur verslunarinnar

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, forstöðumaður

Netfang: [sigrun@rsv.is](mailto:sigrun@rsv.is)

### 0.4 Tilgangur og aðdragandi

Almennt felst starfsemi Rannsóknasetursins í að fylgjast með þróun og breytingum er varða verslun og neysluhegðun og koma á framfæri upplýsingum því tengdu til stjórnvalda, fyrirtækja og almennings.

### 0.5 Notendur og notkunarvið

### 0.6 Heimildir

Mánaðarlegar skýrslur greiðslukortafyrirtækja til Rannsóknasetur verslunarinnar RSV.

Greiðslukortafyrirtækin eru:

- Valitor
- SaltPay
- Rapyd
- Netgíró

### 0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Gagnasöfnunin byggir á sjálfviljugri þátttöku fyrirtækjanna og úrvinnsla er á ábyrgð umsjónaraðila.

### 0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Upplýsingum um kortaveltu er skilað mánaðarlega á rafrænan hátt. Gögnum er skilað með rafrænum hætti inn á öruggt vefsvæði Rannsóknasetursins og vistað í SQL gagnagrunni á öruggum netþjóni.

## 1. Efni

### 1.1 Efnislýsing

Gögn úr mánaðarskýrslum greiðslukortafyrirtækja eru tekin saman og birt sem samtölur. Kortaveltan er sundurliðuð eftir þjóðerni og tegundum verslana og þjónustu auk þess sem netverslun er sundurgreind frá verslun í búðum. Gögnin innhalda ekki einkaneyslulán (raðgreiðslur, yfirdráttur o.þ.h). Gögnin innhalda bæði debet og kreditkort, einstaklinga og fyrirtækja (Fyrirtækjakort voru um 8% af veltunni fyrir árið 2021).

## 1.2 Aðferðafræði, hugtök og skilgreiningar

Gögnin koma flokkuð með eftirfarandi hætti:

- Tímabil (mánuður og ár)
- Tegund korta (innlend og erlend kort)
- MCC kóði
- Landskóði (eftir upprunalandi útgáfu korta)
- Upphæð (samtala færslna í hverjum flokki)
- Tegund færslu (eCommerce eða POS)

Upplýsingar um kortaveltu eru fengnar frá innlendum færsluhirðingaraðilum eftir MCC kóðum. RSV flokkar gögnin í þá flokka sem birt er eftir TIC flokkun. Allar upphæðir eru í milljónum íslenskra króna. Gögnin innihalda alla greiðslukortanotkun, debet- og kreditkort (almenn- og fyrirtækjakort).

**Heildarvelta** - Samanlögð innlend og erlend kortavelta í flokkunum verslun, þjónusta, opinber gjöld og úttektir á reiðufé. Velta greiðslukorta í hverjum mánuði er sýnd í milljónum króna. Upplýsingum um heildarveltu debetkorta og kreditkorta er skipt í veltu innlendra greiðslukorta og veltu erlendra greiðslukorta.

**Debetkort** - Rafrænt kort sem millifærir beint á bankareikning eiganda kortsins. Velta innlendra debetkorta er skipt eftir flokkun í verslun og þjónustu, í banka og úttektir úr hraðbönkum hér á landi og erlendis.

**Kreditkort** - Rafrænt kort þar sem greiðslum er safnað saman hjá færsluhirðum til innheimtu mánaðarlega frá eiganda kortsins. Velta innlendra kreditkorta er skipt eftir notkun í verslun, í banka og úttektir úr hraðbönkum hér á landi og erlendis.

**Erlend greiðslukort** eru miðuð við útgáfustað en ekki búsetu eigenda þeirra.

**eCommerce** eru kortafærslur sem fara fram rafrænt á netinu.

**MCC kóði** - Kortasamtök færsluhirða gera þá kröfu að hver og einn söluaðili sé þannig skráður að sú vara/þjónusta sem viðkomandi veitir sé flokkaður undir þann MCC kóða sem lýsir starfsemi sinni sem best. Auðvitað getur komið fyrir að það sé aðili sem er með einn posa en er að senda margskonar þjónustu, eins og gisting sem er svo líka með veitingasölu á sama posa, þá getum við ekki ætlast að viðkomandi þurfi að vera með 2 posa því það er bara einn MCC sem er settur á hvern samning eða posa. Það getur líka verið þannig að söluaðili sé að selja líka vöru eða þjónustu sem hægt væri þannig séð að flokka undir nokkra MCC kóða, en þá er farin sú leið að láta MCC kóða þeirrar vöru eða þjónustu sem er ríkjandi þegar veltan er skoðuð hjá viðkomandi.

MCCs 0001–1499 (Agricultural Services)  
MCCs 1500–2999 (Contracted Services)  
MCCs 4000–4799 (Transportation Services)  
MCCs 4800–4999 (Utility Services)  
MCCs 5000–5599 (Retail Outlet Services)  
MCCs 5600–5699 (Clothing Stores)  
MCCs 5700–7299 (Miscellaneous Stores)  
MCCs 7300–7999 (Business Services)

MCCs 8000–8999 (Professional Services and Membership Organizations)

MCCs 9000–9999 (Government Services)

MCCs 3000–3299 (Airlines)

MCCs 3300–3499 (Car Rental)

MCCs 3500–3999 (Lodging)

Sjá nánar [hér](#).

**TIC flokkar.** MCC kóðar eru flokkaðir í TIC flokka skv. verklýsingu en TIC eru þeir flokkar sem síðan eru birtir í gögnum RSV um kortaveltu.

## 2. Tími

### 2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Kortavelta er birt mánaðarlega og er viðmiðunartími hennar næstliðinn mánuður auk fyrri ára. Kortavelta febrúarmánaðar er birt í mars, kortavelta marsmánaðar er birt í apríl o.s.frv. Tímabil kortaveltunnar miðast við almanaksmánuði en ekki hefðbundið kortatímabil.

### 2.2 Vinnslutími

Kortavelta fyrir hvern mánuð er jafnan flokkuð og birt fyrir 15. næsta mánaðar.

### 2.3 Stundvísi birtingar

Birting kortaveltu er ekki tímasett með birtingaráætlun að svo stöddu heldur er talnaefni birt jafnóðum og vinnslu þess líkur, að jafnaði fyrir 15. næsta mánaðar.

### 2.4 Tíðni birtinga

Kortaveltan er birt mánaðarlega.

## 3. Áreiðanleiki og endurskoðun gagna

### 3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Greiðslukortafyrirtækin senda upplýsingar til RSV mánaðarlega og eru gögnin yfirfarin og frekari upplýsinga óskað sé frávik milli mánaða skoðunarvert. Almennt eru gögn ekki endurskoðuð nema fram komi leiðréttingar frá greiðslukortafyrirtækjunum sjálfum.

Upplýsingar berast mánaðarlega frá 4 fyrirtækjum, þar á meðal þeim þremur stærstu, sem sjá um færsluhirðingu á Íslandi. Einhver fyrirtæki á íslenskum markaði kjósa þó að kaupa færsluhirðingu af erlendum færsluhirðum svo ekki er um að ræða heildarkortaveltu á íslenskum markaði þó að gera megri ráð fyrir að gögn RSV nái yfir lang stærstan hluta kortaveltunnar. Í markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2022 kemur fram að erlendir færsluhirðar hafi 0-5% markaðshlutdeild á innlendum markaði fyrir færsluhirðingar. Því má gera ráð fyrir að innlend greiðslumiðlun skv. gögnum RSV um kortaveltu sé vanmetin sem því nemur.

Þann 1. nóvember 2022 voru tímaraðir kortaveltu RSV yfirfarnar og eftirfarandi leiðréttingar gerðar afturvirkir:

- Kortaveltu erlendra ferðamanna hjá fyrirtækjum með MCC kóða tengda flugrekstri, sem áður hafði verið núlluð út, var bætt inn í tímaröðina.
- Kortavelta í áfengisverslunum fyrir tímabilið maí 2019 - maí 2021 var leiðrétt til samræmis við rétt gagnaskil frá færsluhirðum.

Ofantaldar leiðréttingar höfðu áhrif á heildasummur kortaveltu RSV sem voru einnig uppfærðar til samræmis.

Á tímabilinu mars 2021 til október 2022 komu gögn með röngum landakóðum fyrir hluta af kortaveltu greiðslukorta með eftirfarandi útgáfulönd; Bretland, Danmörku og Svíþjóð. Þetta var leiðrétt í byrjun desember 2023 og rétt skipting veltunnar niður á landakóða lagfærð í tímaröðinni.

#### **4. Aðgangur að upplýsingum**

##### **4.1 Miðlunarleiðir**

- Fréttir, birtar á vef Rannsóknaseturs verslunarinnar  
Vefslóð: [www.rsv.is](http://www.rsv.is)
- Rafræn áskrift að fréttatilkynningum
- Talnaefni aðgengilegt í áskrift á notendavef RSV, [www.sarpur.rsv.is](http://www.sarpur.rsv.is)

##### **4.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar**

Grunngögn eru varðveitt hjá Rannsóknasetri verslunarinnar og eru ekki aðgengileg öðrum en þeim starfsmönnum sem vinna við birtingu kortaveltunnar.

##### **4.3 Skýrslur**

Gerð er grein fyrir þróun kortaveltu með mánaðarlegri fréttatilkynningu, talnaefni er aðgengilegt í áskrift á notendavef Rannsóknaseturs verslunarinnar auk þess sem hægt er að hafa samband og óska eftir sérvinnslum/skýrslum gegn gjaldi.

##### **4.4 Aðrar upplýsingar**

Nánari upplýsingar um kortaveltu er hægt að fá með því að senda tölvupóst á [sigrun@rsv.is](mailto:sigrun@rsv.is).